



SK-Speglun
slf.

Sjöfn Kristjánsdóttir læknir
Sérfr almennum lyflækningum og meltingarsjúkdómum
Læknasetrið Mjódd, Þönglabakka 1, 109 Rvík.

MAGASPEGLUN

Magaspeglun er skoðun á vélinda, maga og skeifugörn. Fólk þarf að mæta fastandi þ.e.a.s. ekki má neyta fastrar fæðu í 8 klukkustundir fyrir speglun. Óhætt er að drekka tæra drykki svo sem vatn þar til 4 klst fyrir speglun.

Fyrir speglun er staðdeyfingu úðað í kok og slakandi lyf gefið í æð. Ef fólk vill ekki fá slakandi í æð er hægt að framkvæma speglun eingöngu með kokdeyfingunni. Speglunin tekur u.þ.b. 10 – 15 mínútur.

Eftir speglun hvílir fólk sig í sérstöku hvíldarherbergi. Að hvíld lokinni mun læknirinn útskrifa viðkomandi og greina frá niðurstöðum. Niðurstöður úr sýnum sem send eru í vefjagreiningu fást eftir eina til tvær vikur.

Ekki má aka í 6 klst. eftir speglun hafi slakandi lyf verið gefin. Óhætt er að borða þegar deyfing er farin úr koki.